Verkefnaskýrsla fyrir verkefnastjóra klúbba

Klúbbur: **Soroptimistarklúbbur Árbæjar**
Nafn verkefnastjóra: **Guðrún Helga Bjarnadóttir**
Póstfang: **ghbjarna@gmail.com**
Heiti verkefnis: **Fyrstu 1000 dagarnir**
Upphaf verkefnis: **Mars 2018**
Endir verkefnis – **Er enn í vinnslu. Áætluð lok verkefnis er í mars 2019**
Staðsetning: **Árbær**
Samstarfsaðili: **Heilsugæsla Árbæjar og Árbæjarapótek**
Verkefnakjarni sem verkefni fellur undir:
Menntun, Valdefling, Heilbrigði

Verkefni - saga:
Skrifa setningu sem útskýrir verkefnið.
Styrkja konur í Árbæjarhverfinu sem eru að eiga sitt fyrsta barn eða konur sem ljósmæður telja að þurfi frekari upplýsingar og aðstoð.

Hvers vegna valdi klúbburinn verkefnið?
Til að styrkja og efla mæður í móðurhlutverkinu. Einnig til að gera þeim kleift að fræðast um meðgöngu, fæðingu og fyrstu ár barnsins.

Hvernig framkvæmdi klúbburinn verkefnið?
Með því að kaupa bókina *Fyrstu 1000 dagarnir – barn verður til*, eftir Sæunni Kjartansdóttur og fá til liðs við okkur Heilsugæslu Árbæjar og starfsfólk og eiganda Árbæjarapóteks.

Hvaða viðfangsefni var klúbburinn að vinna með?
Klúbburinn einsetti sér að þremur Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þ.e.
nr.3 Heilsa og vellíðan
nr.4 Menntun fyrir alla og
nr.5 Jafnrétti kynjanna.

Voru einhver vandamál sem komu upp og ef svo var hvernig voru þau leyst?
Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu átti erfitt með að taka þátt í verkefninu, þar sem þau mega ekki auglýsa eða afhenda vörur frá 3ja aðila. Þetta var leyst með því að við fengum einnig Árbæjarapótek til liðs við okkur og fólum þeim að afhenda mæðrum, sem ljósmæður vísuðu til þeirra, bókina. Ljósmæðurnar sögðu þeim mæðrum, sem þær töldu þörf á að eignast bókina, frá verkefni klúbbsins okkar og að þeim væri velkomið að fara niður í apótek og fá bókina afhenta þar. Mæður kvitta fyrir bókinni í apótekinu.

Var góður árangur að ykkur mati?
Árangurinn hefur verið mjög góður, konur eru þakklátar fyrir bókina. Einnig eru ljósmæður mjög ánægðar með þetta verkefni og telja það til eftirbreytni.

Kostnaður af verkefni:

Markhópur – **Konur / Mæður í Árbæjarhverfi og nágrenni, eða þær konur sem leita til heilsugæslunnar í mæðra- og ungbarnaeftirliti.**

Hvað voru margir sem nutu góðs af verkefninu?
Yfir XX mæður hafa fengið bókina

Endilega senda myndir, greinar úr blöðum, rannsóknir eða video af verkefninu þar sem við á.

Bækurnar eru merktar sem gjöf frá Soroptimistaklúbbi Árbæjar.

Ljósmæður heilsugæslunnar í Árbæ ásamt verkefnastjóra, Guðrúnu Helgu Bjarnadóttur með auglýsinguna um bókina og hvatningu til mæðra að þiggja hana.

Auglýsingin er á áberandi stað á heilsugæslustöðinni.

Starfskonur Árbæjarapóteks ásamt verkefnastjóra með fyrstu bækurnar.

Skrifa sögu eða yfirlýsingu frá stúlku eða konu sem naut góðs af verkefninu?
Gert er ráð fyrir að fa skriflega umsögn frá ljósmæðrum heilsugæslustöðvarinnar við lok verkefnisins. Um mitt ár 2018 lýstu ljósmæður yfir ánægju sinni með verkefnið.

Er klúbburinn búinn að fylla út PFR skýrslu á www.soroptimisteurope.org?
Nei